

Erindisbréf velferðarráðs Bolungarvíkurkaupstaðar

1.gr.

Velferðarráð, sem starfar samkvæmt V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 telst til fastanefnda Bolungarvíkurkaupstaðar. Velferðarráð fer með verkefni félagsmálanefndar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/ 1991. Velferðarráð skal starfa í samræmi við þau lög sem um það gilda, samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og erindisbréf þetta.

2.gr.

Erindisbréf þetta byggir að auki á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum ákvæðum annara laga og reglugerða sem ná til málaflokka velferðarráðs. Velferðarráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðana gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og reglum um vandaða stjórnsýslu.

Ef það er misræmi milli efnis erindisbréfs annars vegar, og laga, reglna og samþykktar Bolungarvíkurkaupstaðar hins vegar, skulu hinar síðarnefndu reglur gilda.

3.gr

Velferðarráð Bolungarvíkurkaupstaðar er kosið af bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar. Velferðarráð er skipað fimm fulltrúum í samræmi við 46. gr. B1 samþykktar Bolungarvíkurkaupstaðar og jafn mörgum til vara. Bæjarstjórn kýs formann velferðarráðs.

4.gr

Félagsmálastjóri er starfsmaður ráðsins. Hann undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Félagsmálastjóri og eða staðgengill hans situr fundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5.gr.

Félagsmálastjóri hefur heimild til að afgreiða án staðfestingar velferðarráðs, eftirfarandi:

- Umsóknir um fjárhagsaðstoð.
- Umsóknir um akstursþjónustu fyrir fatlaða
- Umsóknir um stuðningsþjónustu
- Umsóknir um heimsendingu matar
- Umsóknir um sérstaka húsnæðisstyrk

Beiðni um endurupptöku á ákvörðun í ofangreiddum málum skal beint til velferðarráðs.

Félagsmálastjóri getur ávallt óskað eftir því að velferðarráð taki ákvörðun í máli. Félagsmálastjóri skal á 3 mánaða fresti upplýsa ráðið um þau mál sem hann afgreiðir í umboði ráðsins.

6.gr

Velferðarráð hefur yfirumsjón með félagsþjónustu Bolungarvíkurkaupstaðar. Velferðarráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðum sem taka mið af samþykkttri stefnu velferðarráðs og bæjarstjórnar í málefnum varðandi velferðarmál.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar fyrir hvert starfsár.

7.gr

Velferðarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði félags- og velferðarmála Bolungarvíkurkaupstaðar. Ráðið fer með því að deildir og stofnanir á þess vegum vinni með að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og að starfsmenn sé skilvirk og hagkvæm.

Hlutverk félagsþjónustu Bolungarvíkurkaupstaðar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa Bolungarvíkurkaupstaðar. Velferðarráð leitast við að félagsleg þjónusta verði í samræmi við þarfir íbúa og að þeir hafi upplýsingar um þá félagslegu þjónustu sem í boði er. Velferðarráð vinnur með öðrum opinberum aðilum svo og félögum, félagasamtökum og einstaklingum að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu.

8.gr

Helstu verkefni sem velferðarráð hefur yfirumsjón með eru:

- Félagsleg ráðgjöf við einstaklinga og fjölskyldur.
- Fjárhagsaðstoð
- Stuðningsþjónusta
- Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk
- Þjónusta við börn og unglinga, fatlað fólk og aldraða.
- Félagslegt leiguhúsnæði (stefnumótun, úthlutun).
- Sérstakur húsnæðisstuðningur.
- Gerð áætlunar Bolungarvíkurkaupstaðar um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna (jafnréttisáætlun).

9.gr.

Fulltrúa er skylt að sækja alla fundi nema lögmætt forföll er að ræða, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti fulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Fundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni í mánuði eða oftar ef þurfa þykir. Formaður ráðsins hefur vald að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum. Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir fulltrúar eða/og varamenn í forföllum aðalmanna svo aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra fulltrúa er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

10. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í velferðarráði fer eftir sem við á samkvæmt III. kafla samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar. Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins.

Fundir ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðið á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Fulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Velferðarráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða félagsmálastjóra.

Velferðarráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma. Velferðarráð getur vísað málum til umsagnar annara nefnda, ráða eða annara aðila.

Fulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Velferðarráð kemur ákvörðum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum. Formaður eða aðrir fulltrúar velferðarráðs skulu snúa sér til félagsmálastjóra eða bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu ráðsins.

11. gr.

Ráðið skal halda fundargerðabók og ritari skal færa fundargerð í fundargerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar.

Fundargerðir velferðarráðs þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar Bolungarvíkur til að teljast gildar. Fundargerðir velferðarráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðir lagðar fram til kynningar.

12. gr.

Velferðarráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Fulltrúi hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi fulltrúa og starfsmanna velferðarráðs gilda ákvæði vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. og II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. samþykktar um stjórn Bolungarvíkur.

13. gr.

Velferðarráð hlutast ekki um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Velferðarráð hefur umsjón með framkvæmdastjórn þeirra stofnana sem undir ráðið heyra.

Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana. Ráðið skal fjalla um umsóknir og gefur rökstudda umsögn til bæjarstjórnar vegna ráðningar forstöðumanna. Ákvörðun ráðningar annara starfsmanna er á ábyrgð og í valdi viðkomandi forstöðumanns.

14. gr.

Undir velferðarráð tilheyrir öldungaráð. Fundargerðir öldungaráðs skulu lagðar fyrir velferðarráð áður en þær fá fullnaðarafgreiðslu í bæjarstjórn. Félagsmálastjóri er starfsmaður öldungaráðsins. Velferðarráð leiti til öldungaráðs í öllum málum er varða málefni aldraðra.

15. gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur og tekur gildi þann 10. desember 2024.